



# ÖRUGGT SAMFÉLAG

Byggt á „Safe Community“ hugmyndafræði  
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO



*Slys og ofbeldi eru þriðja algengasta dánarorsök í Evrópu. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, telur þetta ógn við efnahagslega og félagslega framþróun og einn megin vanda lýðheilsu.*

*Til að bregðast við þessu hefur stofnunin beitt sér fyrir því að samfélög vinni að því að geta skilgreint sig sem „öruggt samfélag“ og grípi til nauðsynlegra aðgerða til að draga úr líkum á slysum og ofbeldi.*

**Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum geta samfélög hlotið útnefningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Öruggt samfélag.**

## **Öruggt samfélag býður íbúum sínum góða kosti og er því eftirsóknarvert samfélag**

Öruggt samfélag getur verið af hvaða stærð eða gerð sem er. Það getur verið borg, bær, hreppur eða hverfi innan borgar þar sem í samfélaginu er unnið saman gegn slysum, ofbeldi, sjálfsvígum eða öðru sem ógnar öryggi íbúa samfélagsins. Sú starfsemi þarf að ná til alls svæðisins, allra aldurshópa, beggja kynja og vera hluti af viðurkenndu alþjóðlegu samstarfi.

Hugmyndinni um Öruggt samfélag var formlega hleypt af stokkunum á fyrstu heimsráðstefnu um varnir gegn slysum og öðrum líkamsmeiðslum sem haldin var í Stokkhólmi árið 1989. Í lokaályktun ráðstefnunnar segir: „Allir menn eiga jafnan rétt á heilsu og öryggi.“ Þetta er eitt meginsjónarmiðið í áætluninni *Heilsa fyrir alla*, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett fram, og einnig í heimsáætlun um varnir gegn slysum og öðrum líkamsmeiðslum. Með þetta meginsjónarmiði í huga hafa aðgerðir farið í gang um allan heim sem leitt hafa til verkefnisins Öruggt samfélag.



## Hvers vegna er mikilvægt að virkja nærsamfélagið?

Tengsl innan nærsamfélags eru oft sterk og mjög nán sem skiptir miklu máli fyrir allt forvarnarstarf. Einnig tekst oft að koma ýmsu til leiðar í nærsamfélaginu sem ekki er hægt í stærri samfélögum.

Í *Öruggu samfélagi* eru það aðilar innan samfélagsins sjálfs sem hafa frumkvæðið. Orðalagið „öruggt samfélag“ felur í sér að í samfélaginu er leitast við að koma á öryggi með skipulögðum hætti og að stöðugt sé verið að huga að þessum þáttum. Mikilvægt er að byrja á því að nýta margvíslegar aðferðir við fræðslu og umhverfisúrbætur, sem byggja á viðeigandi löggjöf, til að koma á öryggi í samfélaginu. Ekkert eitt atriði dugar til að breyting verði á ríkjandi hegðun og háttsemi. Fjölmíðlar geta t.d. verið afar sterkt hjálpartæki til að efla vitund almennings. Í áætlunum um varnir gegn slysum og líkamsmeiðslum þarf að tilgreina og skýra vel við hvaða slysavanda er að glíma sem og meta árangurinn af slysavörnum. Rannsóknir á orsökum og útbreiðslu slysa eru ekki kjarninn í hugmyndinni um *Öruggt samfélag* en sú þekking er afar mikilvæg.

## Meginatriði sem hafa ber í huga

Til að verkefnið *Öruggt samfélag* beri tilætlaðan árangur þarf að fá alla í samfélaginu til að taka virkan þátt og hlusta þarf á raddir allra. Skipuleggja þarf átakið innan samfélagsins sjálfs og vekja athygli íbúanna á mikilvægi slysavarna. Fá þannig íbúa, fyrirtæki og stofnanir til að greina þann vanda sem mikilvægast er að leysa.

## Ávinningur

Samfélagið fær heildarsýn yfir þau verkefni sem verið er að vinna að. Hægt er að samræma starfið, meta árangur þess og sjá hvar tækifæri gefast til að gera úrbætur. *Öruggt samfélag* er ekki átaksverkefni heldur er það hluti af viðvarandi stefnu samfélagsins, s.s. innan stofnana, skóla og fyrirtækja og ávinningurinn því til langs tíma.

## Dæmi um Öruggt Samfélag (Safe Communities):

**Falköping í Svíþjóð** var meðal fyrstu samfélaga í heimi (1975) til að taka upp víðtækar varnir gegn líkamsmeiðslum fólks á öllum aldri og á öllum sviðum og stöðum. Þetta var gert með því að allar stofnanir, samtök og hagsmunaaðilar tóku höndum saman, en ekki var stofnað nýtt ráð eða stofnun um verkefnið. Árið 1978 hóf Falköping skipulega skráningu líkamsmeiðsla og 1979 var hrint í framkvæmd áætlunum samfélagsins um varnir gegn líkamsmeiðslum. Á þremur árum fækkaði slysum á vinnustöðum, heimahúsum og í umferðinni um 27%. Árið 1991 var Falköping svo útnefnt *Öruggt samfélag* í skilningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

**Lidköping í Svíþjóð** er frumkvöðull, jafnt innanlands sem utan, bæði hvað varðar slysavarnir og kynningu á þeim. Nýlegar niðurstöður rannsókna benda til þess að áverkum barna og mjaðmaáverkum eldri borgara fækki stöðugt. Rannsóknir sem greina og bera saman áverkasögu í Lidköping við önnur sænsk samfélög sýna að verulega hefur dregið úr spítalainnlögnum barna í Lidköping, sem bendir til þess að slysavarnir í samfélaginu séu að virka.

**Harstad í Norður-Noregi** er fyrsta samfélagið í Noregi sem hlaut útnefningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem *Öruggt samfélag*, 6. júní 1994. Að baki útnefningarinnar lá 8 ára undirbúningsvinna í slysavörnum, sem náði til allra aldurshópa og áhættuþátta. Niðurstöður slysavarnavinnunnar voru góðar því í Harstad fækkaði brunaslysum barna yngri en 5 ára um 53% á tímabilinu 1985–94. Umferðaróhöppum, meðal allra aldurshópa, hefur fækkað um 27% á sama tímabili og beinbrotum (eftir fall), meðal 65 ára og eldri búsettum heima, fækkaði um 26% á tímabilinu. Einnig hefur líkamsárásurum fækkað um meira en 50% frá 1990–95.

Þessi samfélög hafa öll endurnýjað samning sinn um *Öruggt samfélag* og viðhaldið árangri sínum.

## Viðmiðin sex

### – hvernig nýir aðilar gerast þátttakendur

Samfélög sem vilja komast á skrá yfir Öruggr samfélög, og hljóta útnefningu sem slík, þurfa að uppfylla eftirfarandi sex viðmið:

1. Innra skipulag er byggt á samstarfi við hagsmunaaðila um framgang öryggis í samfélaginu og stýrt af hópi sem samsettur er af fulltrúum allra helstu þátttakenda.
2. Varanlegar langtímaáætlanir eru gerðar, þar sem tekið er á málafnum beggja kynja og allra hópa, svæða og aðstæðna.
3. Sérstakar áætlanir gerðar til að efla öryggi skilgreindra áhættuhópa og viðkvæmra hópa í samfélaginu, sem og áætlanir fyrir varasama staði.
4. Fastar verklagsreglur eru um skráningu slysa og annarra líkamsmeiðsla, orsakir þeirra og tíðni.
5. Reglur eru um mat aðgerðaáætlana, framkvæmd þeirra og afleiðingar breytinga sem gerðar eru.
6. Viðvarandi þátttaka er í samstarfi Öruggra samfélaga, bæði innanlands og utan.



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Umsjón með verkefninu Öruggt samfélag á Íslandi er í höndum Lýðheilsustöðvar.

Nánari upplýsingar veitir:

Rósa Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri slysavarna  
rosa@lydheilsustod.is

Lýðheilsustöð

Laugavegi 116 – 105 Reykjavík  
sími 5 800 900 – bréfsími 5 800 901  
www.lydheilsustod.is – Slysavarnir



Safe Communities: [http://www.phs.ki.se/csp/who\\_introduction\\_en.htm](http://www.phs.ki.se/csp/who_introduction_en.htm)

Útgefandi: Lýðheilsustöð, 2010.

Hönnun og uppsetning: Prentsníð ehf. – prentun: prentun.is – ljósmyndir: Ingvi Magnússon, Helgi Jóhann Hauksson og Kristján Maack.